

194. fundur hafnarstjórnar
haldinn Hótel Ísafjörður, 7. nóvember 2017 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Kristján Andri Guðjónsson formaður, Jóna Benediktsdóttir varaformaður, Sigurður Jóhann Hafberg aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður, Hafdís Gunnarsdóttir aðalmaður og Marzellíus Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049

Lagt fram minnisblað Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnarstjóra, dagsett 21. október sl., um framkvæmdir og fjárfestingar 2018 ásamt tillögu um hækkun gjaldskrár 2018.

Á 193. fundi hafnarstjórnar, 31. október sl., var málinu frestað til næsta fundar.

Hafnarstjóri fór yfir eintaka liði og svaraði spurningum nefndarmanna.

Hafnarstjórn vísar málinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2018.

2. Gjaldskrá 2018 - 2017020049

Lögð fram til staðfestingar, uppfærð gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar.

Almennt hækka gjaldskrár samkvæmt verðbólguþá sem nú er 2,5% en farþegagjald hækkar um 25 krónur fyrir hvern fullorðinn og 12,5 krónur fyrir börn, samkvæmt áætlun frá 2016. Rafmagn hækkar um 9,4% sem er hækkun Orkubús Vestfjarða til hafna Ísafjarðarbæjar, milli gjaldskrárhækkana 2017 til 2018.

Hafnarstjórn vísar málinu til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2018.

3. Skýrsla Samtaka Iðnaðarins - hafnahluti - 2017110015

Fyrir fundinum liggur hluti skýrslu Samtaka Iðnaðarins um innviði og ástand innviða, eða sá hluti hennar sem fjallar um hafnir á Íslandi.

Lagt fram til kynningar.

4. Hafnasamband Íslands - Ýmis erindi og fundargerðir 2017-2018 - 2017020060

Lögð fram fundargerð 398. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, sem haldinn var 25. október sl.

Lagt fram til kynningar.

5. Mávagarður Viðlegustöpull - Umsókn um framkvæmdarleyfi - 2016120059

Lagt fram bréf Sigurðar Áss Grétarssonar, f.h. Vegagerðarinnar, dagsett 30. október sl., vegna mögulegra breytinga á hönnun og framkvæmd við viðlegustöpul á Mávagarði.

Á 193. fundi hafnarstjórnar, 31. október sl., var erindinu frestað til næsta fundar.

Hafnarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

6. Flotbryggja við Olíumúla - 2017100079

Lagt fram bréf Jóns Reynis Sigurvinssonar og Torfa Einarssonar, dagsett 30. október sl., þar sem óskað er eftir því að í fjárhagsáætlun næsta árs verði gert ráð fyrir flotbryggju úr steinsteyptum einingum við hlið þeirrar sem fyrir er við Olíumúla.

Á 193. fundi hafnarstjórnar, 31. október sl., var málinu frestað til næsta fundar.

Hafnarstjórn telur óraunhæft að gera ráð fyrir byggingu flotbryggju á næsta fjárhagsári, en felur hafnarstjóra að svara bréfritara og gera minnisblað til bæjarráðs.

7. Þararækt- Svæði undir tilraun nemenda - 2017100073

Lisa Vidal og Háskólasetur Vestfjarða óska eftir leyfi fyrir tilraunasvæði til þararæktar við Grænagarðsbryggju skv. meðfylgjandi bréfi dagsettu 30. október sl.

Á 193. fundi hafnarstjórnar, 31. október sl., var erindinu frestað til næsta fundar.

Hafnarstjórn gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:20

Kristján Andri Guðjónsson

Jóna Benediktsdóttir

Sigurður Jóhann Hafberg

Daniel Jakobsson

Hafdís Gunnarsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Guðmundur M Kristjánsson

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson